

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar er skipuð tveimur fulltrúum frá Akraneskaupstað, tveimur fulltrúum frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, tveimur fulltrúum frá Innri-Akraneshreppi, tveimur fulltrúum frá Leirár- og Melahreppi, tveimur fulltrúum frá Skilmannahreppi og einum fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Sendi skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við breytingu svæðisskipulags sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50%, Akraneskaupstaður 10%, Hvalfjarðarstrandarhreppur 10%, Innri-Akraneshreppur 10%, Leirár- og Melahreppur 10% og Skilmannahreppur 10%.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 31. desember árið 2006. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. febrúar 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.